

Nd.

349. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á lögum nr. 64 1932, um kirkjugarða.

Frá menntamálanefnd.

1. gr.

33. gr. laganna orðist svo:

Heimilt er kirkjumálaráðherra, samkvæmt tillögum biskups og héraðsprófasts, að veita leyfi til þess að taka upp heimagrafreiti samkvæmt lögum þessum.

Heimild þessi nær þó aðeins til upptöku slíkra grafreita á þeim jörðum, sem eru ættaróðul eða ættarjarðir samkv. l. nr. 116 1943, svo og á þeim jörðum öðrum, sem að dómi héraðsprófasts liggja svo fjarri sóknarkirkjugarði, að sérstakir erfiðleikar eru á líkflutningum þaðan.

2. gr.

Aftan við fyrri málsgr. 34. gr. laganna bætist: ásamt meðmælum héraðsprófasts.

3. gr.

Í stað „150 kr.“ í b-lið 35. gr. laganna kemur: 500 kr.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt eftir ósk menntamálaráðherra. Hafa nefndarmenn óbundnar hendur um afstöðu til þess. Frv. fylgdi hvo hljóðandi greinargerð:

„Breytingar þær á gildandi lögum, sem í þessu frumvarpi felast, eru þrjár:

1. Að binda leyfi til upptöku heimagrafreita við þær jarðir, sem eru ættaróðul eða ættarjarðir, og þær jarðir aðrar, sem liggja svo langt frá sóknarkirkjugarði, að sérstakir erfiðleikar séu á líkflutningi þaðan.
2. Að meðmæli héraðsprófasts skuli fylgja beiðni um upptöku heimagrafreits.
3. Að legstaðarsjóðsgjald verði hækkað úr kr. 150 í kr. 500.00.

Samkvæmt skýrslum prófastanna eru nú 103 heimagrafreitir á landinu. Í fjór-um prófastsdæmum (N.-Múla, S.-Múla, Skagafjarðar- og S.-Þingeyjar) eru samtals 61 heimagrafreitur, en í öðrum prófastsdæmum aðeins 42. Þetta sýnir, að upptaka heima-grafreita hefur orðið eins konar tízka í vissum héruðum, en í öðrum byggðarlögum er þessi heimild lítt eða ekki notuð. Þannig eru 8 prófastsdæmi, þar sem aðeins er 1 heimagrafreitur í hverju.

Ætlun þeirra, sem heimagrafreiti hafa upp tekið, hefur vafalaust verið sú, að þessir reitir yrðu ættargrafreitir, en í framkvæmdinni hefur þetta víða farið nokkuð á annan veg. Meðlimir fjölskyldunnar hafa flutt í fjarlæg héruð, og allvíða hafa eigendaskipti orðið á þessum jörðum og hinir nýju eigendur kæra sig ekki um að nota heimagrafreitinn né heldur telja sér skylt að annast um hann eða halda honum við. Má búast við, að ýmsir heimagrafreitanna fari í fullkomna vanhírðu, ef svo heldur áfram sem nú stefnir.

Þess vegna ber nauðsyn til að takmarka framvegis leyfi til upptöku slíkra grafreita, eða jafnvel banna það með öllu. En þar sem algert bann kynni að koma sér bagalega í einstökum tilfellum, hefur þótt réttara að takmarka aðeins leyfi til heima-grafreita við þær jarðir, sem einkum má telja líkur til, að haldist í sömu ætt um all-anga framtíð, en það eru ættaróðul og ættarjarðir samkv. l. nr. 116 1943. Enn fremur er ekki óeðlilegt að leyfa heimagrafreiti á þeim jörðum, þar sem leið til sóknar-kirkjugarða er sérstaklega erfið og löng, ef héraðsprófastur, sem kunnugur er stað-háttum, mælir með því.

Óhjákvæmilegt er að hækka legstaðarsjóðsgjaldið úr kr. 150 í kr. 500.00, er virðist vera hin lægsta upphæð, sem komið verður af með til þess að tryggja viðhald heima-grafreitanna.“